

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA

230. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **5. desember 2013, kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5.

Dagskrá:

1. Erindi: Illugastaðir, stofna lóð úr landi Illugastaða.
2. Erindi: Sæból, rífa hesthús.
3. Erindi: Aðalskipulag 2014 - 2026.

Tekið á dagskrá:

4. Erindi: Laxárdalur 1, stofna lóð úr landi Laxárdals 1.

Afgreiðslur:

1. Illugastaðir, Guðmundur Jóhannesson, kt. 130454-5779, Höfðabraut 23, 530 Hvammstanga. Sækir, með erindi dags. 22. nóv. 2013, f.h. Æðarvarps ehf, kt. 690906-1040, Höfðabraut 23, 530 Hvammstanga, um leyfi til að stofna lóð úr landi Illugastaða lnr. 144476, samkv. uppdráttum gerðum af Loftmyndir ehf, mkv: 1:2000. Hjálagt með umsókn; uppdráttur af lóðinni, umsókn um stofnun lóðar, Þinglýsingarvottorð, vottorð úr fyrirtækjaskrá. Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindið.

2. Sæból, Hanný Norland Heiler, kt. 230562-7929, Sæbóli, 531 Hvammstanga. Sækir, með erindi dags. 15. nóv. 2013, um leyfi til að rífa hesthús, mh.10, fastanr.224-7307, bygg.ár 1990, 7,7 m² að stærð á landi Sæbóls, landnr.144189.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindið og bendir á að úrgangi skal fargað á löglegan hátt. Vakin er athygli á að aðeins er heimilt að rífa hús sem eru án veðbanda.

3. Aðalskipulagsmál, farið yfir stöðu mála vegna aðalskipulags í framhaldi af kynningafundi sem haldinn var þriðjud. 26. nóv. og fundi Skipulags- og umhverfissráðs, sem haldinn var þriðjud. 3. des. Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að koma ábendingum ráðsins á framfæri við hlutaðeigandi aðila og huga að næstu skrefum, íbúafundur verður ákveðinn í samráði við sveitarstjórn og fulltrúa Landmótunar.

Afgreiðsla:

4. Laxárdalur 1, Guðrún Þorsteinsdóttir, kt. 290256-0039, Heimalind 9, 201 Kópavogi. Sækir, með erindi dags. 4. des. 2013, f.h. Db. Þorsteins Elíassonar, kt. 101025-2849, Glósölum 7, 201 Kópavogi, um leyfi til að stofna lóð úr landi Laxárdals 1, lnr. 142209, sem mun heita Laxárdalur 1 Land 1, landnr. 221955, samkv. uppdráttum gerðum af Bjarna Þór Einarssyni, kt. 310348-2449, Ráðbarði sf. Hjálagt með umsókn; uppdráttur af lóðinni, teikning merkt LAX101, umsókn um stofnun lóðar, skjal frá Sýslumanninum í Kópavogi dags.10. apríl 2013.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir erindið.

Skipulags- og umhverfissráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt, fleira ekki gert, fundi slitið kl: 19.20

Guðjón Loftsson (sign.),
Sigurbjartur Halldórsson (sign),
Unnsteinn Andrésen (sign),
Sigurður Kjartansson(sign).

Erla B Kristinsdóttir(sign.),
Anna María Elíasdóttir(sign),
Vígundur Gunnþórsson(sign),